



Fréttatilkynning  
27 September 2023 17:28:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa

Íslandsbanki hf. lauk í dag útboði á sértryggðum skuldabréfum. Heildareftirspurn í útboðinu var 4.720 m.kr.

Samþykkt tilboð í verðtryggða flokkinn ISB CBI 29 voru samtals 2.380 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 3,91%. Heildartilboð voru 4.460 m.kr. á bilinu 3,88% til 3,95%.

Samþykkt tilboð í óverðtryggða flokkinn ISB CBF 27 voru samtals 220 m.kr. á 1 mánaða REIBOR + 0,40%. Heildartilboð voru 260 m.kr. á kröfunni REIBOR + 0,40% til REIBOR + 0,438%. Seld verða áður útgefin bréf í eigu bankans.

Í tengslum við útboðið bauðst eigendum flokka ISB CB 23 og ISB CBI 24 að selja bréf í floknum gegn kaupum á skuldabréfum í ofangreindu útboði. Verð skuldabréfanna var fyrirfram ákveðið og hreint verð í ISB CB 23 var 99,8118 (ávöxtunarkrafa 9,65%) og ISB CBI 24 var 99,5810 (ávöxtunarkrafa 4,50%). Bankinn kaupir til baka að nafnvirði 280 m.kr. í ISB CB 23 og 1.210 m.kr. í ISB CBI 24.

### Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)  
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

### Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

### Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa](#)